

Nr. 759

9. ágúst 2013

AUGLÝSING um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits – umhverfi Akratorgs.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2013 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits.

Breytingin felst m.a. í gerð gatnamóta Akursbrautar og Suðurgötu, breikkun gangstéttar og gerð einfaldrar tvístefnugötu samsiða bifreiðastæðum við Suðurgötu 57 og að Akratorg er stækkað sem því nemur til vesturs. Gerð verður breiðari gangstétt meðfram verslunarhúsum við Kirkjubraut. Alhliða miðbæjarstarfsemi verður á jarðhæð og í íbúðum á efri hæðum húsa á lóðum við Suðurgötu 62-64. Framangreint deiliskipulag var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 9. ágúst 2013.

Runólfur Þ. Sigurðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. ágúst 2013